



SAMBAND ÍSLENSKRA PRÓFUNARSTOFA

AÐALFUNDUR SAMBANDS ÍSLENSKRA
PRÓFUNARSTOFA
28. september 2021

Skýrsla stjórnar, starfsárið 2020 – 2021

Starfsárið 2020 til 2021 hefur einkennst af alheimsfaraldrinum covid-19. Hefur stjórnin haldið að sér höndum við að kalla SÍP félaga saman. Stjórnin heldur úti vefsíðu fyrir SÍP með helstu upplýsingum um starfsemina og sendir út tilkynningar um helstu viðburði.

Aðilar að SÍP eru nú 12: Rio Tinto á Íslandi, BM Vallá, Frumherji hf., Hlaðbær Colas, Mannvit hf., Malbikunarstöðin Höfði, Matís ohf., Neytendastofa, Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði, Steypustöðin ehf, Össur ehf og Nýsköpunarmiðstöð.

Félagið er aðili að bæði Eurolab og Eurachem. Ársfundur Eurolabs var haldinn á vefnum í apríl og fulltrúi okkar sótti hann. Á ársfundinum var meðal annars lögð áhersla á hlutverk Eurolabs fyrir prófunarstofur innan Evrópusambandsins m.t.t. umhverfis og öryggis. Og minnt á að meðlimir Eurolabs hafa greiðan aðgang að ýmskonar handbókum og leiðbeiningum sem fjalla um hvers konar atriði sem hafa þarf í huga við rekstur prófunarstofa. Innan Eurolabs og Eurachems fer fram ómetanlegt starf okkar helstu sérfræðinga í Evrópu við að rýna staðla og báðir aðilar bjóða reglulega upp á námskeið og vinnustofur fyrir félagsmenn.

Vefsíða félagsins hefur verið mikilvægur þáttur í að miðla upplýsingum til félagsmanna. Á slóð félagsins eru krækjur í Eurachem og Eurolab og á heimasíðu þeirra koma fram áhugaverð námskeið og margvíslegar

leiðbeiningar. Slóð á síðu félagsins er: <http://icelab.123.is/>

Fjármál

Vísað er í yfirlit gjaldkera varðandi fjármál félagsins.

Stjórn og stjórnarfundir

Þrír stjórnarfundir voru haldnir á starfsárinu þar sem áhersla var lögð á að skipuleggja fræðslu og kynningar. Stjórnin hefur unnið að því að fá fleiri fyrirtæki sem reka prófunarstofur inn í SÍP. Félagsmenn hafa verið hvattir til að bjóða sig fram til setu í stjórn félagsins og stuðla þannig að framgangi félagsins.

Á starfsárinu var stjórnin skipuð á eftirfarandi hátt: Elísabet Sólbergisdóttir, Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði – formaður, Hrólfur Sigurðsson, Mátis ohf, - ritari, Guðgeir Svavarsson Frumherji hf. – gjaldkeri, Guðrún Eva Jóhannsdóttir, Mannvit hf og Elín Ásgeirsdóttir, Malbikunarstöðin Höfði.

Reykjavík 28. sept. 2021

Elísabet Sólbergisdóttir